



Markaðsstofa  
Suðurlands

# Könnun vegna Covid-19


Könnun Markaðsstofu Suðurlands  
vegna áhrifa Covid-19



## KÖNNUN VEGNA ÁHRIFA COVID-19 Á SUÐURLANDI

Markaðsstofa Suðurlands ákvað að kanna áhrif og viðbrögð ferðapjónustufyrirtækja á Suðurlandi vegna Covid-19. Markmið könnunarinnar var að greina nánar hvaða aðgerðir fyrirtæki hafa þurft að grípa til vegna Covid-19 faraldursins. Könnunin var send á 598 ferðapjónustunfyrirtæki á Suðurlandi og stóð yfir frá 28. september til 5. október 2020. Alls svöruðu 173 fyrirtæki könnuninni og var svarhlutfall því 29%.

Af þeim fyrirtækjum sem svöruðu eru flestir með gistingu (53,2%), veitingar (24,6%), ferðir og afþreyingu (22,8%) og söfn og sýningar og gestastofur (5,3%). Flest fyrirtæki sem svöruðu eru staðsett á Gullna hrings svæðinu eða 47,1 %, þá á svæði Kötlu jarðvangs og Vestmannaeyja 29,4% og fæst í Ríki Vatnajökuls 15,9%. Fyrirtæki sem hafa lögheimili utan Suðurlands en gera út starfsemi sína á Suðurlandi voru 7,6%.




**GULLNA HRINGS SVÆÐI** : Árnessýsla, Ásahreppur og Rangárþing ytra


**KATLA JARÐVANGUR OG VESTMANNAEYJAR**: Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur og Vestmannaeyjabær

**RÍKI VATNAJÖKULS**: Sveitarfélagið Hornafjörður

## Hafa fyrirtæki nýtt sér úrræði stjórnvalda?




Af þeim 173 fyrirtækjum á Suðurlandi sem svöruðu könnuninni höfðu 55,6% þeirra nýtt sér úrræði stjórnvalda vegna Covid-19. Fyrirtæki á svæði Kötlu jarðvangs og Vestmannaeyja, í Ríki Vatnajökuls og utan Suðurlands höfðu nýtt sér úrræði stjórnvalda í meira mæli en fyrirtæki á Gullna hrings svæðinu. Þegar horft er á svör fyrirtækja útfrá starfsemi þá voru flest veitingafyrirtæki (69%) sem höfðu nýtt sér úrræðin og þau fyrirtæki sem bjóða uppá ferðir og afþreyingu (59,0%), gistingu (51,6%) og söfn, sýningar og gestastofur (44,4%).




## NÝTING ÚRRÆÐA

Þau fyrirtæki sem nýttu sér úrræði stjórnvalda nýttu sér langflest hlutabótaleið stjórnvalda eða 91,5% fyrirtækja auk þess sem um þriðjungur fyrirtækja nýttu sér stuðningslán stjórnvalda.



Þau fyrirtæki sem ekki nýttu sér úrræði stjórnvalda nefndu helst að stærð fyrirtækja væri of lítil fyrir úrræði stjórnvalda, eða 51,5%. Einnig sögðu 38,2% fyrirtækja að úrræði stjórnvalda hentuðu ekki. Svipaðar tölur má sjá þegar horft er eftir þrískiptingu Suðurlands og starfsemi fyrirtækja.



## GISTING:

51,6% gististaða hafa nýtt eða eru að nýta sér úrræði stjórnvalda, sjá eftirfarandi skiptingu:

- 70,2% hafa nýtt sér hlutabótaleið
- 2,1% hafa nýtt sér brúarlán
- 31,9% hafa nýta sér stuðningslán
- 21,3% aðrar tengdar lausnir

44% gististaða höfðu ekki nýtt sér úrræði stjórnvalda vegna eftirfarandi skýringa:

- 55,0% sögðu fyrirtækið of lítið fyrir úrræði stjórnvalda
- 32,5% sögðu úrræði stjórnvalda ekki henta
- 12,5% fyrirtækja fannst upplýsingar stjórnvalda ekki nægilega skýrar
- 22,5% fyrirtækja hafa ekki þurft á úrræðum stjórnvalda að halda

31,9% gististaða hafa þurft að grípa til uppsagna starfsfólks og 19,8% gististaða hafa þurft á aukaláni að halda. 46,2% gististaða segjast ekki vera í fjárhagslegri endurskipulagningu og 9,9% gististaða segjast vera í fjarhagslegri endurskipulagningu.

## VEITINGAR:

69% veitingastaða hafa nýtt eða eru að nýta sér úrræði stjórnvalda, sjá eftirfarandi skiptingu:

- 82,8% hafa nýtt sér hlutabótaleið
- 3,4% hafa nýtt sér brúarlán
- 31,9% hafa nýta sér stuðningslán
- 21,3% aðrar tengdar lausnir

26,2% veitingastaða höfðu ekki nýtt sér úrræði stjórnvalda vegna eftirfarandi skýringa:

- 54,5% sögðu fyrirtækið of lítið fyrir úrræði stjórnvalda
- 27,3% sögðu úrræði stjórnvalda ekki henta
- 18,2% fyrirtækja fannst upplýsingar stjórnvalda ekki nægilega skýrar
- 18,2% fyrirtækja hafa ekki þurft á úrræðum stjórnvalda að halda

57,1% veitingastaða hafa þurft að grípa til uppsagna starfsfólks og 9,5% veitingastaða hafa þurft á aukaláni að halda. 23,8% veitingastaða segjast ekki vera í fjárhagslegri endurskipulagningu og 2,4% veitingastaða segjast vera í fjarhagslegri endurskipulagningu.

## FERÐIR OG AÞPREYING

59% fyrirtækja sem gera út á ferðir og afþreyingu hafa nýtt eða eru að nýta sér úrræði stjórnvalda, sjá eftirfarandi skiptingu:

- 87,0% hafa nýtt sér hlutabótaleið
- 4,3% hafa nýtt sér brúarlán
- 17,4% hafa nýta sér stuðningslán
- 17,4% aðrar tengdar lausnir

38,5% fyrirtækja sem gera út á ferðir og afþreyingu höfðu ekki nýtt sér úrræði stjórnvalda vegna eftirfarandi skýringa:

- 53,3% sögðu stærð fyrirtæki of lítið fyrir úrræði stjórnvalda
- 53,3% sögðu úrræði stjórnvalda ekki henta
- 6,7% fyrirtækja fannst upplýsingar stjórnvalda ekki nægilega skýrar
- 6,7% fyrirtækja hafa ekki þurft á úrræðum stjórnvalda að halda

33,3% fyrirtækja sem gera út á ferðir og afþreyingu hafa þurft að grípa til uppsagna starfsfólks og 10,3% fyrirtækja hafa þurft á aukaláni að halda. 33,3% fyrirtækja sem gera út á ferðir og afþreyingu segjast ekki vera í fjárhagslegri endurskipulagningu og 7,7% fyrirtækja segjast vera í fjárhagslegri endurskipulagningu.

## SÖFN, SÝNINGAR OG GESTASTOFUR

44,4% safna, sýninga og gestastofa hafa nýtt eða eru að nýta sér úrræði stjórnvalda, sjá eftirfarandi skiptingu:

- 100% hafa nýtt sér hlutabótaleið
- 50,0% hafa nýta sér stuðningslán
- 25,0% aðrar tengdar lausnir


55,6% safna, sýninga og gestastofa höfðu ekki nýtt sér úrræði stjórnvalda vegna eftirfarandi skýringa:

- 40% sögðu stærð fyrirtæki of lítið fyrir úrræði stjórnvalda
- 20% sögðu úrræði stjórnvalda ekki henta
- 40% fyrirtækja hafa ekki þurft á úrræðum stjórnvalda að halda


22,2% safna, sýninga og gestastofa þurft að grípa til uppsagna starfsfólks og 44,4% safna, sýninga og gestastofa segjast ekki vera í fjárhagslegri endurskipulagningu og 11,1% fyrirtækja segjast vera í fjárhagslegri endurskipulagningu.

## TELUR ÞÚ AÐ ÍSLENDINGAR VERÐI STÆRRA HLUTFALL AF VIÐSKIPTAVINUM Í FRAMTÍÐINI?

23,4% allar fyrirtækja telja að mjög eða frekar líklegt að Íslendingar verði stærra hlutfall viðskiptavina í framtíðinni. 37,5% töldu að Íslendinga yrði ekki stærra hlutfall viðskiptavina í framtíðinni. 45,2% veitingastaða og 25,6% fyrirtæki sem gera út á ferðir og afþreyingu telja líklegra að Íslendingar verði stærri hlutfall viðskiptavina í framtíðinni. Aðeins 18,7% gististaða telja Íslendinga verða stærri hlutfall viðskiptavina til frambúðar. Svo má sjá svör fyrirtækja eftir þrískiptingunni hér að neðan.



## HEFUR FYRIRTÆKI ÞITT AÐLAGAÐ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUFRAMBOÐ VEGNA COVID-19?




Þegar spurt var hvort fyrirtæki hefðu þurft að aðlaga vörur/þjónustu sína vegna Covid-19 sögðust 67,1% fyrirtækja hafa aðlagð vöruframboð sitt. Þegar horft er til þrískiptingar Suðurlands þá hafa 26,3% fyrirtækja á Gullna hringssvæði ekki gripið til aðlögunar. 77,8% fyrirtækja í Ríki Vatnajökuls hafa aðlagð vöru og þjónustuframboð. Þegar litið er til mismunandi starfsemi þá hafa 88,9% safna, sýninga og gestastofa aðlagð vöruframboð. Rúmlega 70% veitingastaða og fyrirtækja sem gera út á ferðir og afþreyingu hafa aðlagð vöruframboð. 23,1% gististaða hafa ekki gripið til aðlögunar vegna Covid-19.


### OPNUNARTÍMI NÆSTKOMANDI 12 MÁNUÐI (OKT 2020 – SEPT 2021)

Þegar horft var á fram í tímann og kannað hvort fyrirtæki muni hafa opið á tímabilinu okt 2020 til sept 2021 þá segjast 71,3% fyrirtækja verða opin á þessu tímabil en 18,1% segjast ekki viss um opnun næstu 12 mánuði. Það ríkir meiri óvissa á meðal veitingastaða og safna, sýninga og gestastofa en gististaða og þeirra sem bjóða uppá ferðir og afþreyingu. Einnig má greina mun á milli svæða innan Suðurlands þegar litið er til þrískiptingu. Þar má sjá að rúmlega 20% fyrirtækja á Gullna hringssvæðinu og Ríki Vatnajökuls vita ekki hvort þau verða starfandi næstu 12 mánuði. Einnig má sjá að 22,2% fyrirtækja í Ríki Vatnajökuls mun ekki vera með opið næstu 12 mánuði. Athygli vekur að aðeins 55,6% fyrirtækja í Ríki Vatnajökuls sem segjast vera opin næstu 12 mánuði. 49,7% fyrirtækja segjast munu breyta opnunartíma sínum í vetur. Þegar það er kannað nánar má sjá að 65% veitingastaða og safna, sýninga og gestastofa mun breyta opnunartíma sínum í vetur. Um helmingur gististaða og fyrirtækja sem gera út á ferðir og afþreyingu munu breyta opnunartíma sínum í vetur.

### Verður fyrirtæki þitt opið fyrir viðskiptavinum frá okt 2020 til Sept 2021? Út frá þrískiptingu.




### Verður fyrirtæki þitt opið fyrir viðskiptavinum frá okt 2020 til Sept 2021? Út frá starfsemi.




Þau 122 fyrirtæki sem sögðust muna hafa opið framtil september 2021 voru beðin að merkja við þá mánuði sem þau stefna að opnun. Þegar litið er á opnun fyrirtækja fyrir hvern mánuð þá má sjá að eitthvað af fyrirtækjum mun loka tímabundið yfir vetrarmánuðina en öll fyrirtæki munu hafa opið næsta sumar, 2021.






### ER LÍKLEGT AÐ FYRIRTÆKIÐ LIFI AF ÁSTANDIÐ OG ÁHRIF VEGNA COVID-19?

Þegar fyrirtæki voru spurð hvort þau töldu líklegt eða ólíklegt að lifa af ástandið vegna Covid-19 þá svara 71,3% að mjög eða frekar líklegt sé að fyrirtækið muni lifa af ástandið vegna Covid-19.




Mikill meirihluti fyrirtækja telur mjög eða frekar líklegt að lifa af ástandið vegna Covid-19 en athygli vekur að algengara er að fyrirtæki sem starfað hafa 15 ár eða skemur svari að fremur eða mjög ólíklegt sé að þau lifi ástandið af en þau sem starfað hafa lengur. Um 12% fyrirtækja sem starfað hafa 15 ár eða skemur telja frekar eða mjög ólíklegt að lifa ástandið af og fyrirtækin sem hafa verið lengur í starfsemi telja mjög líklegt að lifa ástandið af.

## Hversu líklegt eða ólíklegt er að fyrirtækið lifi af ástandið vegna Covid-19 eftir lengd starfsemi.




Þegar litið var á svör fyrirtækja eftir hvaða starfsemi þau tilheyra þá eru um 13% fyrirtækja sem gera út á ferðir og afþreyingu sem telja að það ólíklegt að lifa ástandið af. Einnig má greina að veitingastaðir og fyrirtæki sem gera út á ferðir og afþreyingu séu óvissari með framhaldið og telja sum hver ólíklegt að lifa af ástandið, eða um 12,4%. Aðeins 5,4% gististaða telur sig ekki muna lifa af ástandið vegna Covid-19.

## Hversu líklegt eða ólíklegt er að fyrirtækið lifi af ástandið vegna Covid-19 eftir starfsemi.



Þegar afstaða fyrirtækja er skoðuð eftir þrískiptingu Suðurlands má sjá að fyrirtæki í Ríki Vatnajökuls greina meiri óvissu um framtíðina og hvort fyrirtæki þar muni lifa af ástandið vegna Covid-19 en á hinum svæðunum.



## SAMANTEKT:



Af þessari könnun má sjá að rúmur helmingur fyrirtæki hafa verið að nýta sér úrræði stjórnvalda og flest nýtt sér hlutbótaleið stjórnvalda í því samhengi. Mörg fyrirtæki hafa brugðist við með því að aðlaga starfsemi sína vegna Covid-19. Um 70% fyrirtækja hafa aðlagað vöru og þjónustu sína til að mæta þessum breyttu aðstæðum og á meðan þetta ástand varir. Þetta eru mjög krefjandi aðstæður sem fyrirtækin eru að ganga í gegnum og hafa rúmlega 60% fyrirtækja gert ráðstafanir í rekstri sínum vegna ástandsins. Það ríkir mikil óvissa með veturinn og framhaldið, það sést þegar spurt var hvort fyrirtæki verði opið næstu 12 mánuðina en 18,1% sögðust ekki vita það. Það má hins vegar greina einhverjar breytingar á aðgerðum fyrirtækja út frá þrískiptingu Suðurlands varðandi opnunartíma næstu 12 mánuði. Hins vegar eru fyrirtæki almennt bjartsýn á að lifa af ástandið vegna Covid-19 eða um 71,3% telja það frekar eða mjög líklegt að þau muni lifa af áhrif Covid-19.

Ef það eru einhverjar ábendingar og/eða spurningar um könnunina þá vinsamlegast hafið samband við Guðmund Fannar Vigfússon, [fannar@south.is](mailto:fannar@south.is)




## VIÐAUKI


### BAKGRUNNSSPURNINGAR




## Kyn




## Aldur þátttakenda



### Hversu lengi hefur fyrirtækið verið starfandi?



### Á hvaða svæði innan Suðurlands er fyrirtækið með lögheimili?



## Í hvaða flokki starfar þitt fyrirtæki?

